

Skólanámskrá Hulduheíma

Virðing – Gleði – Vínátta



apríl 2016

Efnisyfirlit

Skólanámskrá	4
Leikskólinn Hulduheimar	5
Dvalartími	6
Trúnaður	6
Leiðarljós leikskólans	6
Einkunnarorð Hulduheima	7
Nám í leikskóla	10
Leikurinn	10
Nám í daglegu lífi	11
Að taka á móti börnum og foreldrum	11
Aðlögun.....	12
Fataherbergi	12
Hreinlæti	12
Máltíðir	12
Hvöld	13
Umgengni.....	13
Samverustundir	13
Útivera	13
Útikennsla/útinám	14
Nám í samskiptum / samskipti	14
Nám í skapandi starfi	14
Námsumhverfi	15
Grunnþættir menntunar	15
Hugmyndafræði og uppeldissýn Hulduheima	16
Starf í anda Reggio Emilia	16
HEBA - samstarf	17
Umhverfismennt.....	18
Agakerfi/samskiptakerfi.....	19
Lýðræði og jafnrétti	19
Námssvið leikskóla	20
Læsi og samskipti.....	20

Heilbrigði og vellíðan	22
Sjálfbærni og vísindi.....	23
Sköpun og menning	24
Hefðir og hátíðir	25
Tenngsl skólastiga.....	30
Mat á námi og velferð barna.....	31
Starfsáætlun	31
Deildarnámskrár.....	32
Foreldrasamstarf	32
Foreldrafélag Hulduheima	33
Mat á leikskólastarfi	33
Innra mat	33
Ytra mat	34
Stoðþjónusta	34
Sérkennsla barna	34
Samstarfsaðilar.....	35
Stuðningsrit	35

Skólanámskrá

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 sem gefin er út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu skal sérhver leikskóli móta sína eigin skólanámskrá. Námskráin á að vera skrifleg og aðgengileg öllum þeim sem málið varðar. Þar skal gera grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem Aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Skólanámskrá á að vera lifandi og í stöðugri endurskoðun. Hún skal taka mið af áhuga barna og sjónarmiðum og skal unnin í samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks, barna og foreldra. Í nýrri Aðalnámskrá er birt ný menntastefna sem á við um öll skólastig og hefur það markmið að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni. Menntastefnan er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun.*

Leikskólastarf byggir á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Leikskólar útfæra sjálfir í skólanámskrá hvernig þeir vinna með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna. Miða skal við námssvið leikskóla sem eru: *læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.*

Skólanámskrá Hulduheima er unnin undir forystu Bryndísar Markúsdóttur leikskólastjóra. Bryndís Krístín Kristinsdóttir deildarstjóri sá um skráningarvinnuna og samantekt við námskrána, ásamt Maríu Unu Óladóttur deildarstjóra og Jónínu aðstoðarleikskólastjóra. Margir vinnufundir voru haldnir með kennurum, ásamt því að unnið var markvisst með grunnþættina á skipulagsdögum kennara með nánari fræðslu, til að skerpa á þessum þáttum.



Leikskólinn Hulduheimar

Leikskólinn var formlega opnaður 11. nóvember 1997 en fyrstu tólf börnin byrjuðu föstudaginn 7. nóvember. Leikskólinn er byggður á verðlaunatillögu í lokaðri samkeppni sem efnt var til af Reykjavíkurborg árið 1995. Arkitekt er Ingimundur Sveinsson og landslagsarkitekt er Ragnhildur Skarphéðinsdóttir. Efnt var til samkeppni um nafn á leikskólanum og leikskólaráð valdi nafnið Hulduheimar úr fjölda nafna sem bárust. Nafnið átti Bryndís Markúsdóttir leikskólakennari og leikskólastjóri í Hulduheimum. Leikskólinn er staðsettur í Borgahverfi í Grafarvogi, við Vættaborgir 11, nálægt strandlengjunni. Útsýnið frá leikskólanum er mjög fallegt og sést til Esjunnar, Úlfarsfells og Geldingarness. Göngustígar eru frá leikskólanum í allar áttir og tengjast Víkurhverfi, Engjahverfi og Rimahverfi. Um 5 – 10 mínútna gangur er niður í fjöru og stutt er í verslunar- og þjónustukjarnann Spöngina. Vættaskóli - Borgir og Engi er grunnskóli hverfisins. Deildirnar á Hulduheimum eru fjórar og heita Sólskinsbær, Álfhóll, Sjónarhóll og Kardemommubær. Aldurskipting deilda ræðst af fjölda barna í árgangi.

Í leikskólanum er unnið eftir hugmyndafræði [Reggio Emilia](#). Hugmyndafræðin er kennd við borgina Reggio Emilia á Norður Ítalíu og hugsuðurinn að baki hennar er sálfræðingurinn og kennarinn Loris Malaguzzi. Hugmyndafræði hans samanstendur af kennismiðum eins og John Dewey, Vygotsky og Jean Piagets. „Barnæskan á að vera skemmtilegt ævintýri“, sagði Loris Malaguzzi einhverju sinni. Hann lagði ríka áherslu á að leikskólinn ætti að vera lifandi, í stöðugri þróun og staður þar sem hlúð væri að sköpunargáfu barnsins. Það sem heillaði við val á hugmyndafræði leikskólans og að vilja vinna í anda Reggio er virðingin við barnið, lýðræðishugsun, sköpunarmáttur, hvað barnið er megnugt og skapandi í þekkingarleit sinni og að viðurkenna rétt þess til að hafa áhrif á það sem verið er að gera, beint eða óbeint.



Dvalartími

Leikskólinn er opinn frá kl: 07.30 –17.00 alla virka daga. Dvalartími barna er misjafn og getur verið frá 4 klst. upp að 9,5 klst. að hámarki. Foreldrar undirrita dvalarsamning um vistunartíma barns þeirra í leikskólanum og með undirritun dvalarsamnings staðfesta foreldrar einnig að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar ásamt reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim skilmálum sem þar koma fram. Foreldrar sækja um breytingu á dvalartíma á [Rafrænni Reykjavík](#) og er reynt eins og kostur er að verða við óskum foreldra. Lögð er áhersla á að dvalartími barna sé virtur og þau ekki lengur í skólanum en umsaminn tími segir til um. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og sama á við um breytingar á dvalartíma. Uppsögn foreldra skal í öllum tilvikum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra.

Trúnaður

Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu um alla þá vitneskju sem það fær í starfi um málefni barna og foreldra. Þagnarskyldan helst þó starfsmenn láti af starfi.

Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós okkar eru orð Konfusiusar: „**Segðu mér ég gleymi, sýndu mér ég man, leyfðu mér að reyna, ég skil**“

Markmið okkar er fyrst og fremst að hlúa að hverju barni, að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, öðlist jákvæða sjálfsmynd og tilfinningu fyrir eigin getu. Við leggjum áherslu á styrkleika barna og hæfni en um leið þörf þeirra fyrir leiðsögn, hvatningu og vernd fullorðinna. Lögð er áhersla á þarfir og þroska hvers barns, svo hvert þeirra fái notið sín sem best á eigin forsendum. Börnin fá tækifæri til að takast á við viðfangsefni, sem þroska trú þeirra á eigin getu og byggir upp jákvæða sjálfsmynd þeirra. Einnig er fylgst með að alhliða þroski sé eflur, að námsumhverfið sé hvetjandi og stuðli að öryggi þeirra og vellíðan. Börn eru hvött til þess að rannsaka umhverfið og nýta öll tjáningarform sín.



Einkunnarorð Hulduheima

Einkunnarorð okkar í leik og starfi er **Virðing – Gleði – Vinátta**, leiðarljós okkar í samskiptum við börn, foreldra og samstarfsfólk

Virðing

- Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að skiptast á að tala, við hlustum á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur.
- Við biðjumst afsökunar þegar við meiðum, með orðum eða faðmlagi. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og þegar við getum sjálf beðið afsökunar.
- Við berum virðingu fyrir umhverfinu með því að ganga vel um inni og úti og að henda ekki rusli á jörðina. Við göngum frá eftir okkur, förum vel með hlutina, flokkum og endurnýtum.

Gleði

- Við erum glöð þegar við getum bjargað okkur sjálf. Þegar við fáum að prófa okkur áfram og uppgötva. Það gerum við með því að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín sem oftast með fjölbreyttum efniviði.
- Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum, við erum hvött til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.
- Við einblínum á núvitund, njótum augnabliksins og sköpum jákvætt andrúmsloft með gleði því gleðin er smitandi.

Vinátta

- Við sýnum vináttu með því að vera góð við hvert annað og erum hvött til að leyfa öllum að vera með.
- Við leikum okkur saman, hjálpumst að og skemmum ekki fyrir öðrum.
- Við lærum að virða tilfinningar annarra, við skiptumst á og berum virðingu hvert fyrir öðru.

Virðing



Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að skiptast á að tala, við hlustum á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur



Við biðjumst afsökunar þegar við meiðum, með orðum eða faðmlagi. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og þegar við getum sjálf beðið afsökunar



Við berum virðingu fyrir umhverfinu með því að ganga vel um inni og úti og að henda ekki rusli á jörðina. Við göngum frá eftir okkur, förum vel með hlutina, flokkum og endurnýtum

Gleði



Við sýnum vináttu með því að vera góð
við hvert annað og erum hvött til að
leyfa öllum að vera með.



Við erum glöð þegar við finnum að
við getum og kunnum, við eru hvött
til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.



Við einblínum á núvitund, njótum
augnabliksins og sköpum jákvætt
andrúmsloft með gleði því gleðin er
smitandi.

Vinátta



Við sýnum vináttu með því að vera góð
við hvert annað og erum hvött til að
leyfa öllum að vera með.



Við leikum okkur saman, hjálpumst
að og skemmum ekki fyrir öðrum.



Við lærum að virða tilfinningar
annarra, við skiptumst á og berum
virðingu hvert fyrir öðru.

Nám í leikskóla

Leikurinn

Hlutverk leikskólans er að styðja við nám barna í gegnum leik á sem fjölbreyttastan hátt og ætla leiknum tíma og rými í samfellu við aðra þætti leikskólastarfsins. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og kennsluaðferð kennarans. Í bernsku afla börn sér þekkingar í gegnum leik. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Sköpunarþörf, virkni og hugmyndarflug barna birtist í leikjum þeirra. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra. Við leggjum áherslu á að vinna með óhefðbundinn opinn efnivið, koma til móts við áhuga barnsins, hvetja það til að gera tilraunir og finna lausnir. Litið er á umhverfið sem þriðja kennarann. Umhverfið þarf að taka mið af námssviðum leikskólans. Jafnframt að það sé hvetjandi, aðlaðandi og ýti undir ímyndunarafl barnanna, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín.

Nám í daglegu lífi

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Í gegnum athafnir daglegs lífs vinna kennarar að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu og mikilvægt er að dagskipulagið sé í föstum skorðum til að skapa hefð og festu í leikskólastarfinu. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Lögð er áhersla á að efla sjálfshjálp og sjálfstæði í daglegum athöfnum eins og þroski þeirra og færni leyfa.



Að taka á móti börnum og foreldrum

Við upphaf leikskóladvalar er foreldrum m.a. kynnt áherslur og hugmyndafræði leikskólans, starfsemi Miðgarðs og Skóla- og frístundasviðs. Auk þess gefa foreldrar deildarstjóra upplýsingar um barnið. Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni og foreldrum þannig að þau finni að þau eru velkomin í leikskólann. Í lok dags kveðjum við hvert barn með táknum (TMT), myndum augnsamband og þökkum fyrir daginn. Þegar barnið hefur leikskólagöngu taka foreldrar þátt í aðlögun barnsins með þátttökuaðlögun.

Aðlögun

Þátttökuaðlögun byggir m. a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Foreldrar eru með börnunum sínum 5-7 tíma á dag, í þrjá daga. Þannig kynnast þeir starfi leikskólans og sjá starfsfólk við umönnun og kennslu. Lögð er áhersla á gott upplýsingastreymi milli foreldra og starfsmanna. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það nám sem fram fer í leikskólanum. Þeir kynnast kennurunum, öðrum börnum og foreldrum. Hugmyndafræðin á bak við þátttökuaðlögun er **Öruggir foreldrar = örugg börn.**



Fataherbergi

Í fataherberginu gefast daglega tækifæri til að efla sjálfshjálp og sjálfstæði barnanna, fínhyrtingar og málþroska. Þar læra börnin smám saman að klæða sig í og úr, finna viðeigandi klæðnað fyrir veðurfar dagsins og ganga snyrtilega frá fatnaði sínum ásamt því að hjálpa hvert öðru. Mikilvægt er að hver og einn fái tíma til að athafna sig og er það gert með því að vera með litla hópa í einu ef kostur er. Umræða fer fram um fatnað, líkamsheiti, heilsuna, veðrið og hvernig á að ganga frá. Mikilvægt er að starfsmenn setji orð á athafnir, nefni hugtök, fjölda, liti, líkamsheiti, fatnað og ræði við börnin.

Hreinlæti

Góðar hreinlætisvenjur eru mikilvægar í leikskólanum og fer það eftir aldri og þroska barna hversu mikla aðstoð eða eftirfylgni þau þurfa við hreinlæti. Í Hulduheimum leggjum við grunn að góðum hreinlætisvenjum og snyrtimennsku með því að kenna börnunum handþvott eftir salernisferðir, útivist og fyrir máltíðir. Börnin eru aðstoðuð við þætti daglegs lífs s.s. að þurrka sér um munninn eftir máltíðir, að snýta sér, laga hárið og fleira.

Máltíðir

Lögð er áhersla á rólega stund þar sem börnin eru hvött til að smakka allan mat en borin er virðing fyrir smekk þeirra á matnum eða bragðskyni þeirra. Matmálstímar hafa mikið uppeldislegt gildi og skapa aðstæður fyrir samræður og samskipti ásamt því að börnin tileinki

sér almenna borðsiði. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar eftir því sem færni þeirra og þroski segir til um s.s. að hella í glös, skera matinn og skammta sér á diska. Einnig aðstoðar barnið við að leggja á borð þá viku sem það er [Barn vikunnar](#). (Þegar ýtt er á Ctrl og smellt á músina, þá birtist heimasíðan okkar og þar er barn vikunnar undir hagnýtar upplýsingar)



Hvíld

Lögð er áhersla á að tryggja öllum börnum rólega stund eða hvíldartíma í hádeginu og skapa til þess aðstæður sem henta hverju sinni. Hvíld í einhvern tíma yfir daginn er öllum börnum nauðsynleg. Hvíldarstundir eru skipulagðar eftir aldri barna og svefntíma. Svefntími yngstu barna er skipulagður í samráði við foreldra.

Umgengni

Frágangur og góð umgengni er mikilvægur þáttur í daglegu lífi og tengist því að bera virðingu fyrir eignum okkar og annarra. Í Hulduheimum er lögð áhersla á að börnin taki þátt í frágangi og gangi vel um leikföng og annan efnivið. Foreldrar eru einnig hvattir til að kenna börnum sínum góða umgengni alla daga.

Samverustundir

Skipulag samverustunda tekur mið af aldri og þroska barnanna og lögð er áhersla á þátttöku þeirra og að þeim líði vel, á lestur, söng og málörvun. Farið er í ýmsa leiki, spjallað saman, rætt um heiti daga, mánaða og árstíða. Samverustundir deilda eru tvisvar til þrisvar á dag.

Útivera

Andleg og líkamleg vellíðan byggist á góðri hreyfingu og útivist. Því finnst okkur mikilvægt að hvert barn fari út á hverjum degi og hafi ánægju af útivistinni. Við vekjum áhuga barna með jákvæðri umræðu um gildi útivistar, gönguferðum og fjölbreyttum leiktilboðum í garðinum. Í gönguferðum og útiveru þjálfast börnin í umgengni við náttúruna og umhverfið undir leiðsögn starfsmanna.

Útikennsla/útinám

Útikennsla/útinám er kennslustund sem fer reglulega fram utandyra og náttúran og/eða umhverfið notað sem kennslurými og kennslugögn. Útinám er markvisst á öllum deildum leikskólans. Í útinámi/útikennslu er lögð áhersla á að börnin fái tækifæri til að kynnast umverfi sínu og upplifa það á margvíslegan og jákvæðan hátt. Ýmis verkefni eru unnin og farið er í leiki.



Nám í samskiptum / samskipti

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Öll börn þurfa að fá að njóta sín í samskiptum og læra að taka tillit til annarra. Sjálfsmynd og félagsfærni þeirra mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk. Lögð er áhersla á að börn læri að umgangast aðra af virðingu. Starfsfólk leggur sig fram um að vera góðar fyrirmyndir barnanna, hlusta á þau og tala við þau af virðingu og mæta þörfum þeirra. Einkunnarorð okkar **Virðing – Gleði - Vinátta**, eru ávallt höfð að leiðarljósi í samskiptum við börnin.

Nám í skapandi starfi

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn læra að þróa með sér. Umhverfi leikskólans þarf að skipuleggja þannig að það vekji forvitni barna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efli sjálfstæði þeirra. Opnar spurningar og hvetjandi mál örvar rökhusun þeirra og leit að lausnum. Viðfangsefni til sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, hreyfingu og dansi gefur börnum tækifæri til að fást við umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margþætta reynslu.

Lögð er áhersla á að virkja áhugahvöt og efla sjálfstæði og frumkvæði barnanna með því að gefa þeim tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni sem veitir þeim gleði og vellíðan en um leið áskoranir. Börnin eru hvött í lausnaleit með því að leita svara, þora að prófa og læra að það sé í lagi að þurfa að endurtaka – það má gera mistök.



Námsumhverfi

Námsumhverfi leikskólans byggir á aðstöðu inni og úti. Áhugi og kunnátta kennara hefur mikil áhrif á hvernig best er að virkja umhverfið til að mæta námsþörfum barna. Mikilvægt er að leikskilyrði hafi þroska hvers og eins. Starfið er skipulagt þannig að hópur barna er í útiveru, í frjálsum leik og/eða útikennslu á meðan aðrir hópar nýta svæðin inni í skipulögðu hópastarfi. Deildir og sameiginleg svæði leikskólans eru skipulögð þannig að hver deild gengur að sínu svæði ákveðna daga. Hver deild skipuleggur starfið miðað við aldur, áhuga og þroska barnanna. Námsumhverfi skólans nær út fyrir leikskólalóðina. Leikskólinn er staðsettur í grónu hverfi og í nánasta umhverfi eru m.a.: [Vættaskóli - Borgir](#), [Borgarbókasafnið í Spönginni](#), fjaran og strandlengjan.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru settir fram í Aðalnámskrá til að leggja áherslu annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar markmið sem varða menntun sérhvers einstaklings. Grunnþættirnir eru leiðarljós í almennri menntun í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum og eiga að birtast í skólabrag, gildum og viðhorfum.

Grunnþáttum menntunar er ætlað að endurspeglast í öllu námi sem fer fram í skólum. Í leikskólum ber að flétta áherslur þeirra inn í daglegt starf, leik og nám barna þannig að það taki mið af barninu sjálfu, þroska þess og getu.

Grunnþættir menntunar eru:

Læsi: talað mál og ritað, samræður, málörvun, læsi í umhverfi og samskipti.

Sjálfbærni: umgengni, virðing fyrir umhverfinu, skilja samhengi hluta, bera ábyrð á eigin lífi og heilbrigði.

Lýðræði og mannréttindi: tryggja jafnan rétt, hafa áhrif og val, rökræður/gagnrýni, taka afstöðu, virkni og þátttaka, félagsleg hæfni/umburðarlyndi / samkennd.

Jafnrétti: allir fá að njóta sín, jafna aðstöðumun, viðfangsefni/nálgun strákar/stelpur.

Heilbrigði og velferð: andleg og líkamleg heilsa barna, hvíld, næring, umhyggja, vellíðan, hreinlæti, útivera, hreyfing, jákvæð sjálfsmynd.

Sköpun: listsköpun, prófa fjölbreyttan efnivið, fá útrás og prófa eitthvað nýtt, leikurinn, leikræn tjáning, söngur, tónlist, dans.

Hugmyndafræði og uppeldissýn Hulduheima

Leikskólastarf og leikskólanám byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði sem sótt er í kenningar og rannsóknir hinna ýmsu fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Eins og áður hefur komið fram er unnið eftir hugmyndafræði [Reggio Emilia](#) í Hulduheimum. Aðferðin byggir á því að kennarar og börn læri saman. Aðferðinni hefur verið gefið nafnið uppeldisleg skráning. Litið hefur verið á hugmyndafræði Reggio Emilia sem úrræði og hvata til þess að hjálpa kennurum, foreldrum og börnum, til þess að þróa þeirra eigin menntastefnu í samvinnu. Dr. Malaguzzi trúði því að börn hefðu [hundrað mál](#) en frá þeim væru tekin níutíu og níu.



Starf í anda Reggio Emilia

Hugmyndafræði Reggio Emilia er kennd við borgina Reggio Emilia á Norður Ítalíu. Stuttu eftir að seinni heimstyrjöldinni lauk, ákváðu nokkrar mæður þar í borg að byggja leikskóla á húsarústum. Þetta vildu þær gera fyrir börn sín, en ekki síður fyrir lýðræðið sem var þeim mjög hugleikið. Börnin áttu að þroska hæfileika sína, njóta virðingar og það átti að hlusta á þau. Strax í upphafi var kennslan og þekkingarleit barnanna það mikilvægasta, ekki pössunin. Sálfræðingurinn og kennarinn Loris Malaguzzi frétti af þessu. Hann heillaðist af eldmóði þeirra og ákvað að taka þátt í þessu ævintýri. Í 25 ár gegndi Malaguzzi síðan embætti yfirmanns leikskólamála í Reggio. Á þeim tíma mótuðu hann og samstarfsmenn hans þessa hugmyndafræði. Hann sagði að börn hefðu „hundrað mál“ og ætti að hvetja þau til að nota öll sín skilningarvit og þá hæfileika sem þau búa yfir. Til þess að börn geti tjáð sig á einhverjum af „hundrað málum“ sínum þurfa þau fjölbreytt verkefni og nám til þess að vinna úr og festa þá reynslu í minni sínu. Malaguzzi sagði að leikskólinn ætti að vera lifandi staður í stöðugri þróun, þar sem börn og fullorðnir gætu verið í góðu sambandi hvert við annað. Til að þróa gagnrýna hugsun hjá börnum þarf að kenna þeim að skilgreina hluti, með því að sjá þá innan frá og frá öllum hliðum.

Veganesti barnanna út í lífið er byggt á reynslu þeirra sjálfra. Það þarf að hlúa að sköpunargáfunni, hún er ekki eitthvað sem maður fær fyrirhafnarlaust upp í hendurnar. Hana öðlast maður með vinnu sinni, við að athuga umheiminn, ræða vandamál og vinna úr þeim. Mikil áhersla er lögð á að hlustað sé á barnið af athygli, bæði af börnum og

fullorðnum.

Frá frumbersku hefur barnið í sér listina til að kanna, það gleðst oft yfir því óvænta sem kemur í ljós í könnunum þess. Börnin hafa mikla þörf fyrir að vera sjálfstæð, því þurfa þau að fá tækifæri til að kanna, prufa, misheppnast og reyna aftur. Þau þurfa að fá að uppgötva hvernig skynsemin, ímyndun og hugsun vinna saman. Börnin eru hvött til þess að nota sín eigin mál: *forvitni, ímyndunarafl, sköpunargleði, skynjun og hugsun* og að þau fái að njóta þess að uppgötva veröldina á eigin forsendum í gegnum myndlist, leikræna tjáningu, tónlist, hreyfingu og dans. Galdurinn felst í því að gefa börnunum tækifæri og tíma til að "skynja og uppgötva". Í starfinu með börnunum eru notaðar opnar spurningar, "hvað, hvernig og hvers vegna". Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og takmarkalaust traust og virðingu fyrir börnunum og getu þeirra til að afla sér reynslu og þekkingar. Nauðsynlegt er að hafa trú og virðingu á getu barnanna til að afla sér reynslu og þekkingar á þeirra forsendum en ekki væntingum fullorðinna. Talað er um að kennararnir í Reggio Emilia leikskólum séu: börn - kennarar og umhverfið. Eðlilegt er að menning og umhverfi hvers skóla birtist innan veggja skólans.

Hulduheimar eru í samstarfi við þrjá aðra Reggio skóla og köllum við okkur [HEBA](#) skólana.



[HEBA - samstarf](#)

Frá árinu 2009 hafa leikskólarnir Hulduheimar, Engjaborg, Brekkuborg og Austurborg verið í samstarfi. Þessir skólar kalla sig HEBA leikskóla, eftir upphafsstaf hvers skóla. Samstarfið felst í því að nálgast og þróa starf í anda Reggio - Emilia. Árið 2012 var ákveðið að vinna að sameiginlegu þema næstu fjögur ár. Þemað byggir á frumefnunum fjórum: *eldi, jörð, vatni og lofti*. Þessi vinna hefur verið kynnt í Ráðhúsi Reykjavíkur á hverju vori á Stóra leikskóladeginum, sem SFS, skóla- og frístundasvið heldur utan um. Verkefnastjóri samstarfsskólana er Guðrún Ó. Samúelsdóttir leikskólakennari og fyrrverandi leikskólastjóri Brekkuborgar.

[Hér](#) er hægt að sjá myndband sem unnið var fyrir HEBA – skólana árið 2014. Þetta myndband er um vinnu barnanna um jörðina á þessum fjórum leikskólum.



Umhverfismennt

Frá hausti 2011 hefur markvisst verið unnið að því að efla umhverfismennt í leikskólanum með það að markmiði að innleiða raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum og sjálfbærni innan skólans. Við fengum viðurkenningu á starfi okkar í febrúar 2016 þegar við tókum á móti Grænfánaskilti og höfum það í tvö ár. Þá getum við endurnýjað það ef vel gengur. Grænfánaskiltið er umhverfisviðurkenning sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum.



Umhverfisnefnd starfar við skólann og skipuleggur og stýrir aðgerðum. Í umhverfisnefnd sitja tveir verkefnastjórar(starfsmenn), leikskólastjóri, fulltrúi foreldra og ræstingastjóri. Nefndarmenn funda reglulega með og án barna en mikilvægt er að börnin læri lýðræðisleg vinnubrögð og hafi áhrif. Helstu verkefni umhverfisnefndar hafa verið að efla vitund starfsmanna og barna um umhverfismennt og sjálfbærni og hvetja þau til að flokka og endurnýta efnivið eins og kostur er. Markvisst er unnið að því að bæta það sem betur má fara. Á haust- og vorönn eru umhverfisvikur. Þá er lögð áhersla á að fræða börnin um umhverfismál, flokkun, endurnýtingu og að halda umhverfinu snyrtilegu. Börnin eru umhverfisálfar viku í senn þar sem þau aðstoða við að skola mjólkurfernur og koma þeim í endurvinnslugám leikskólans. Á eldri deildum skiptast börnin einnig á að vera vatnsálfar. Hlutverkið felst í því að minna félaga sína á að skrúfa fyrir vatn svo það renni ekki að óþörfu.



Umhverfissáttmáli Hulduheima var unninn í samráði við börn, starfsmenn og foreldra

- Við viljum hafa jörðina fallega.
- Við tínum rusl og setjum það í ruslatunnuna.
- Við flokkum til endurvinnslu.
- Við endurnýtum hluti og notum í leik og skapandi starfi.
- Við notum náttúrlegan efnivið í skapandi starfi.
- Við könnum umhverfi okkar og göngum um það af ábyrgð og virðingu.
- Við förum sparlega með vatn og orku.

Agakerfi/samskiptakerfi

Leikskólinn vinnur eftir [Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar](#) við agastjórnun sem er verkefni á vegum Heilsugæslunnar. Námskeiðið er byggt á gagnreyndum, viðurkenndum atferlisfræðum og miðað er sérstaklega við börn undir 6 ára aldri. Mikil áhersla er á að laða fram æskilega hegðun barns með því að setja meiri athygli í æskilega hegðun en óæskilega. Einnig er lögð áhersla á að samræma reglur fyrir leikskólann svo börnin gangi alltaf að sama ramma vísun. Það skapar þeim öryggi og ýtir undir vellíðan. Við teljum mikilvægt að starfsfólk sé samstíga og sýni börnunum virðingu sem skapar góð skilyrði fyrir barnið til þess að læra góð samskipti.

Markmiðið er að með þessu öðlist börnin færni í samskiptum sem nýtist þeim til frambúðar. Ef upp koma hegðunarerfiðleikar, sem er hegðun sem víkur það mikið frá viðurkenndum og aldurstengdum viðmiðum að það gangi á rétt annarra, er unnið eftir fyrirfram ákveðnum verkferlum sem byggja einnig á Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar. Nálgastrá má þá á heimasíðu skólans. Einnig höfum við aðgang að hegðunarráðgjöf frá Miðgarði þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjálans.

Lýðræði og jafnrétti

Í leikskólanum Hulduheimum er markmiðið að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, öðlist jákvæða sjálfsmynd og tilfinningu fyrir eigin getu. Einkunnarorð leikskólans eru *Virðing - Gleði - Vinátta*. Í hugmyndafræði Reggio Emilia er lögð áhersla á virðingu fyrir börnum, getu þeirra og þroska. Leikgleði barna og áhugi fyrir líðandi stund er í fyrirrúmi, jákvætt andrúmsloft og góð samskipti milli heimilis og skóla. Mikilvægt er að börnin fái verkefni til að vinna úr og festa í minni reynslu sína og því er mikil áhersla á sköpun. Aðaláhersla í sköpun barnanna er þó á ferlið og fjölbreyttan efnivið en ekki útkomuna. Í leikskólanum er m.a. unnið verkefnið „Barn vikunnar“ á öllum deildum leikskólans. Á hverri deild er eitt barn í sviðsljóðinu í eina viku, þannig að allir fái að njóta sín. Með verkefninu teljum við að unnið sé samkvæmt leikskólalögum og [12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#), auk markmiðum leikskólans og þeim uppeldiskenningum sem við styðjumst við.



Að vera „Barn vikunnar“ felur í sér að barnið fer heim með flökkudýr og bók á föstudegi. Í bókina skrifa foreldrar viðburði helgarinnar ásamt því hverjir eru í fjölskyldu barnsins,

áhugamál þess, uppáhalds matinn, tónlist og hvort barnið eigi gæludýr. Frásögnin er lesin fyrir barnahópin á mánudegi og barnið aðstoðar og sýnir myndir sem það hefur teiknað í bókina eða límt inn. Í vikunni tekur barnið að sér ýmis hlutverk s.s. að leggja á borð, bjóða ávexti í ávaxtastund og aðstoða starfsfólk. Jafnframt æfist barnið í að tjá sig fyrir framan barnahópin með því að bjóða til sætis fyrir matartíma og segja frá hlut sem það kemur með að heiman, í púlti. Í vikunni eru teknar myndir af barninu í leik og starfi og þær prentaðar út. Þeim er síðan komið fyrir á vegg í leikskólanum svo að allir fái notið þeirra. Verkefnið er í stöðugri þróun og tekur mið af aldri og þroska barnanna.

Árið 2010 hlaut leikskólinn Hvatningarverðlaun Leikskólaráðs Reykjavíkur fyrir verkefnið. Þeir sem komu að verkefninu voru; deildarstjóri, leikskólaliði, grafískur hönnuður og stuðningsfulltrúi. Þetta verkefni hefur þróast með árunum og er unnið á öllum deildum og einnig víða í öðrum leikskólum.

Námssvið leikskóla

Leikskólastarfið er skapandi og samþætt nám, þar sem börnin uppgötva og læra af öllu sem þau taka sér fyrir hendur. Námið fer fram úti og inni, í skipulögðu markvissu starfi, frjálsum leik eða athöfnum daglegs lífs. Börnin læra í samvinnu við önnur börn og fá til þess stuðning frá leikskólakennurum, sem veita þeim leiðsögn og hvatningu til að nýta hæfileika sína. Námssvið leikskólans eru og eiga að vera samþætt og samofin í leikskólastarfinu.

Námssvið leikskóla samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 2011, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

HEBA- leikskólarnir unnu sameiginlega áherslupætti í hverju námssviði. Skólarnir völdu sér sameiginlegt leiðarljós fyrir hvert námssvið.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur og til þess að eiga samskipti við aðra nota þau ýmsar aðferðir. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi felur í sér að barn búi yfir þekkingu, hafi færni til að skynja og skilja og geti sett orð á það sem það upplifir og sér. Barn þarf að búa yfir hæfni til að tjá hugsanir sínar og skoðanir, tilfinningar og langanir. Læsi snýst ekki eingöngu um notkun orða því barnið lærir einnig smátt og smátt að lesa í umhverfi sitt, það lærir að rata og fara um í nærumhverfi sínu með vísbendingum sem það man eftir og þekkir.

Leiðarljós:

Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.

Læsi og samskipti birtast í leikskólastarfinu í Hulduheimum í eftirtöldum áherslum:

Málvitund/málörvun	Lestur, söngur, þulur, vísur, rím, daglegar athafnir, samverustundir, opnar spurningar, umræður, hlustun, Barn vikunnar, ferilmappa, skráningar, útikennsla, veðurfræðingur, tónlist, loðtöflusögur, leikhús.
Leikur og nám	Þjálfra samskipti, reglur, félagsfærnisögur, Barn vikunnar, brunaverðir, tjáning, fjölmennning, foreldrasamstarf, sjálfræði.
Lífsleikni/tilfinningatjáning	Barn vikunnar, samverustundir, uppeldi til ábyrgðar, einkunnarorð: -V-G-V
Umhverfi/vettvangsferðir	Umferðarfræðsla, náttúran, samskipti við nærsamfélag, skóli á grænni grein, grænfáninn, umhverfisvikur, útikennsla, virðing fyrir náttúrunni, umhverfismennt, endurnýtanlegur og náttúrulegur efniviður. Hvetjandi umhverfi sem stuðlar að læsi í víðum skilningi svo og jákvæðum samskiptum.
Samskipti	Virðing, tilfinningar, tjáning, hlusta á barnið, sjálfræði, lýðræði, val.
Samvinna heimilis og skóla	Gefa foreldrum tíma, gæði í daglegum samskiptum, fundir/viðtöl með foreldrum. Þátttaka foreldra í leikskólastarfi.

Unnið er eftir læsisáætlun Hulduheima í öllu daglegu starfi. Markmið með læsisáætlun er að efla markvisst málþroska og læsi hjá leikskólabörnum í góðu samstarfi við foreldra. Tungumálið er mikilvægt tæki til samskipta og sameiginlegt tungumál tengir okkur saman og eflir samkennd. Það að læra að lesa og skrifa og geta notað ritmálið til að hafa samskipti við aðra er ferill sem hefst snemma og tekur alla ævi. Einn hluti af lestrarferlinu er að læra að tala. Talið er að talmál, lestur og skrift séu samverkandi þættir og styðji hvern annan. Þegar talað er um myndun læsis er átt við frumreynslu barns af lestri og skrift í nánasta umhverfi þess, reynslu sem hefur mótandi áhrif á hugmyndir þess um ritmálið. Þegar barn skilur að prentað mál hefur merkingu er það fyrsta stigið í að læra að lesa og skrifa. Þegar lesið er fyrir börn eykst áhugi þeirra á lestri og hæfni til að læra að lesa. Í leik æfir barnið sig í ritmálshegðun og útvíkkar hugmyndir sínar um ritmálið. Sjá Læsisáætlun [hér](#).

Heilbrigði og vellíðan

Börn verja miklum hluta af vökutíma sínum í leikskóla og því er mikilvægt að skólastarfið stuðli að vellíðan og öryggi barnanna.

Í Hulduheimum læra börn um hollt mataræði, mikilvægi hreinlætis, gildi hreyfingar og fá tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Góð hreyfigeta og vellíðan barna styður við sjálfsmynd þeirra og eflir sjálfstæði þeirra í daglegum athöfnum.

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing er börnum mikilvæg og hún eykur vellíðan þeirra, gleði, snerpu og þol og styður við líkamlegan og andlegan þroska. Í útivist fá börn útrás fyrir ærslafulla leiki og hreyfingar sem krefjast meira rýmis.

Í skipulögðum hreyfistundum er lögð áhersla á að vinna með samhæfingu hreyfinga, jafnvægi, úthald og styrk og að fara eftir fyrirmælum.

Börn þurfa að endurhlaða líkama sinn með slökun og hvíld af og til yfir daginn. Hvíldartímar í hádegi fyrir öll börn eru skipulagðir eftir þörfum barnanna hverju sinni en tryggja á öllum börnum smá hlé yfir daginn.

Velferð barna skiptir máli og þau þurfa að njóta umhyggju, hlýju og virðingar, sem eru forsendur þess, að það fái að vaxa og þroskast í leik og starfi og fari með það góða veganesti út í lífið. Í starfinu í Hulduheimum eru þessi gildi höfð að leiðarljósi í starfi með börnunum.

Leiðarljós:

Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.

Heilbrigði og vellíðan birtast í leikskólastarfinu í Hulduheimum í eftirtöldum áherslum:

Hreyfing	Fjölbreytt hreyfing og leikir inni sem úti, dans, skipulagðar leikfímistundir, afnot af íþróttasal Vættaskóla – Borgir.
Útivera	Dagleg útivera og frjáls leikur, útinám og vettvangsferðir.
Hreinlæti/umhirða	Hreinlætisvenjur, umræður við börnin um mikilvægi heilbrigðis og jákvæðs viðhorfs til líkamans.
Mataræði	Boðið er uppá fjölbreytt og hollt mataræði, ávexti og grænmeti daglega, börnin eru hvött til að smakka allan mat.
Hvíld/slökun	Hvíldarstund/rólegheit er einu sinni á dag á öllum deildum. Áhersla er lögð á rólegheit í upphafi og lok dags.

Lífsleikni	Efla sjálfsmynd barna, Barn vikunnar, Númi, Líkaminn minn og Þetta eru mínir einkastaðir.
-------------------	---

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk átti sig á að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir miklu máli – í nútíð og framtíð. Lýðheilsa, þar sem hver einstaklingur lærir að bera ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu, er hluti af sjálfbærni. Börn nota fjölbreyttar aðferðir til að kanna umhverfi sitt, skynja og skilja. Leikskólinn þarf að skapa börnum möguleika á að uppgötva og upplifa umhverfið og taka þátt í félagslegum samskiptum. Eftir því sem börnin þroskast byggja þau ofan á reynslu sína og bæta við þekkinguna.

Börnum er eðlislægt að kanna umhverfi sitt og það gera þau best með því að snerta, horfa, hlusta, bera saman, flokka, rannsaka, draga ályktanir og upplifa um leið og þeim er kennt að sýna náttúrunni virðingu og alúð. Þetta vísindanáms er mikilvæg leið í þroska og námi barna og leikskólinn þarf að grípa þau tækifæri sem gefast í leik og starfi til að styðja við það.

Leiðarljós:

Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.

Sjálfbærni og vísindi birtast í leikskólastarfinu í Hulduheimum í eftirfarandi þáttum:

Virðing fyrir umhverfi og náttúru	Að börn þrói með sér umhverfisvitund.
Rannsaka, uppgötva og njóta	Ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna.
Opinn, náttúrulegur og endurnýtanlegur efniviður	Efnisveita, föndurvagnar, vettvangsferðir, börn taki þátt í að fegra umhverfið og rækta
Nýtni og virðing fyrir efni og umhverfi	Börnin taki þátt í að koma með efnivið að heiman eða úr vettvangsferðum, flokkun.
Víðsýni og umhverfislæsi	Rými, fjarlægðir, áttir, hvað er viðeigandi í náttúrunni.

Samspil náttúru og samfélags	Vettvangsferðir, útinám, ræktun
Vísindi og tilraunir	Jarðleir, ýmsar tilraunir
Umhverfi, aðstæður og námsgögn	Kennarinn skapar umhverfi, aðstæður og námsgögn sem vekja forvitni barna sem aftur leiðir til náms út frá eigin áhuga.

Sköpun og menning

Sköpun og menning er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Barnamenning er samofin öllu leikskólastarfi og tengist leik barna, skapandi starfi, menningu og lýðræði.

Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, könnuninni, gleðinni, tjáningunni og náminu sem kemur fram í ferlinu þegar hugmyndir barnsins, tilfinningar þess og ímyndun fá að njóta sín. Sköpun fléttast inn í öll námssvið leikskólans þar sem börnin fá að vinna á fjölbreyttan hátt með efnivið og verkfæri sem þau ýmist finna sjálf, hafa aðgang að eða fá í hendur. Hugmyndir barnanna eiga sem oftast að ráða hvað verður til og hvernig. Aldur og þroski barna ræður hvaða efnivið og áhöld eru notuð hverju sinni en eftir því sem færni þeirra og hugmyndaflug eykst er það hlutverk leikskólakennara að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum.

Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Í Hulduheimum eru margar hefðir og venjur sem er mikilvægur hluti af menningu leikskólans. Fjölmeningavikur eru tvisvar á ári þar sem börn og starfsfólk af erlendum uppruna kynna þjóð sína, hefðir og menningu.

Leiðarljós:

Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákni. Starfshættir leikskólans eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.

Sköpun og menning birtast í leikskólastarfinu í Hulduheimum í eftirtöldum áherslum

Listasköpun	Horft á barnið sem megnugt og skapandi og borin virðing fyrir barninu sem skapandi einstaklingi, sköpun í öllu starfi, fjölbreyttur og sýnilegur efniviður, áhöld og tæki, frjáls aðgangur að efnivið til sköpunar.
Tónlist	Söngur, söngstundir, hljóðfæri, hlustun, dans.

Leikræn tjáning	Dans, hreyfing, leikur, tákn með tali.
Hefðir og venjur	Dagur læsis, dagur leikskólans 6. febr., dagur ísl. tungu, baráttudagur gegn einelti, bangsadagur, furðufatadagur, kaffihúsadagur, náttafatadagur, hjóladagar, foreldrakaffi, afmæli Hulduheima, leiksýningar, jólaball, leikfangadagur, útileikfangadagur, vinavika, þorrvika, fjölmenningsvikur, umhverfisvika, nestisdagur, öskudagur, bleikur dagur slaufunnar, opið á milli deilda, foreldravika, þjóðhátíðarvika, íþróttadagur, útskriftarferð, sveitaferð/vorhátíð, útskrift elstu barna, brunaæfingar, jarðskjálftaæfingar.
Menninga- og vettvangsferðir	Leiksýningar í leikskólanum, vettvangsferðir á ýmsa menningaviðburði og söfn (listasöfn, bókasöfn), sínfóniútónleikar með elstu börnin, útskriftarferð, Gufunesbær.
Fjölmennig	Menningarvikur, tvisvar á ári: kynnt eru lönd barna eða starfsmanna af erlendum uppruna.

Hefðir og hátíðir

Í leikskólanum eru ýmsar hefðir í hávegum hafðar og höfum við gaman að því að brjóta upp skipulagið og gera okkur dagamun með skemmtilegum uppákomum. Tilbreytingar í daglegu lífi eru fyrst og fremst hugsaðar til skemmtunar og gleði fyrir börnin, starfsfólkið og foreldrana, auk þess að halda að börnunum íslenskum siðum og venjum. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað.

Dagur læsis: Á hverju ári höldum við þennan dag hátíðlegan með ýmsum hætti þar sem lestur, bókstafir og annað sem tengist læsi er í forgrunni.



Bangsadaður: Í október er alþjóðlegi bangsadaðurinn. Þá mega börnin koma með uppáhalds bangsann sinn að heiman.



Foreldrakaffi: Þrisvar á ári er foreldrum boðið í kaffi. Á haustönn er báðum foreldrum boðið í nónhressingu. Á bóndadaginn er herrakaffi og er þá öllum herrum í fjölskyldunni boðið í nónhressingu. Á föstudeginum fyrir konudaginn er dömukaffi og er þá öllum dömum í fjölskyldunni boðið í nónhressingu.


Afmæli Hulduheima 11. nóvember: Haldið er uppá daginn með blöðrum, betri mat, köku og mismunandi uppákomum í tilefni dagsins.



Leiksýningar: Einu sinni á ári er leiksýning eða annað í boði foreldrafélagsins og einu sinni á ári í boði leikskólans.



Jólaundirbúningur: Í desember leggjum við áherslu á rólegheit inni á deildum og eru verkefnið mörg. Við föndrum, syngjum jólalög, jólaflökkudýr fer heim á hverjum degi, börnin búa til jólagjafir sem þau gefa foreldrum sínum. Eldri börnin ákveða sjálf hvað þau búa til handa foreldrum sínum en yngri börnin fá að velja á milli nokkurra hluta. Einnig búa öll börnin til jólakort sem send eru heim, jólaskraut og skreyta piparkökur.



Jólaball: Allir mæta í betri fötunum. Dansað er í kringum jólatréð um 9:30. Tvær og tvær deildar dansa saman í kringum jólatréð. Um 10:20 hittast allir á sviðinu og um 10:30 koma jólasveinar/jólasveinn í heimsókn spjalla við börnin og syngja með þeim. Síðan fara allir inná sína deild og jólasveinarnir/jólasveinninn kemur stuttu síðar og gefur hverju barni gjöf. Í hádeginu er hátíðarmatur með ís í eftirrætt. Í nónhressingu eru jólakökur, brauð og heitt súkkulaði.



Kaffihúsastemning og náttfatadaður: Pennan dag mæta allir í náttfötum. Starfsmenn og börn búa til kaffihúsastemningu á deildum. Kl. 9:30 koma allir saman á sviðinu, leikskólastjóri les fallega jólasögu og sungin eru jólalög. Að því loknu gæðum við okkur á heitu súkkulaði, skreyttum piparkökum eftir börnin og á mandarínnum. Í hádeginu er léttur hádegisverður.

Leikfangadagur: Tveir leikfangadagar eru á ári, í janúar og í maí. Í maí er útileikfangadagur og koma börnin þá með leikföng sem þau mega fara með út. Leikföng sem eru ofbeldis-hvetjandi eru ekki leyfð.



Þorrvika: Í þorrviku fræðast börnin um forna íslenska menningu og læra gömul íslensk lög. Á bóndadaginn borðum við þorramat.



Fjölmenningsvikur: Eru einu sinni til tvisvar á ári og tengist barni eða starfsmanni frá öðru landi.



Nestisdagur: Í febrúar er nestisdagur, þá koma börnin með nesti að heiman sem þau borða saman um níuleytið. Nestið kemur þá í stað morgunmats en þau sem mætt eru fyrir níu fá ávexti meðan þau bíða.

Öskudagur: Börnin koma í grímubúning, náttfötum eða furðufötum. Þann dag er fjölbreytt skemmtidagskrá. Opið er á milli deilda þar sem ýmislegt skemmtilegt er í boði.



Opið á milli deilda: Þá mega börnin flakka á milli deilda yfir daginn og vera þar sem þau vilja í leik og starfi.

Foreldravika: Í mars er foreldravika og geta þá foreldrar komið í heimsókn og tekið þátt í daglegu starfi með sínu barni. Foreldrar skrá á lista á deild barnsins hvenær þeir vilja koma í heimsókn.

Sveitaferð/vorhátíð: Annað hvert ár er farið í sveitaferð á laugardegi sem stjórn foreldrafélagsins skipuleggur með þátttöku foreldra. Árið á móti er haldin vorhátíð á leikskólalóðinni, grillað og boðið uppá skemmtiatriði.

Þjóðhátíðarvika: Vikuna fyrir 17. júní fræðum við börnin um hvers vegna við höldum þjóðhátíð, um merkingu skjaldamerkisins, fánalitina og fleira. Vikan endar svo á lítilli hátíð sem haldin er síðasta virka dag fyrir þjóðhátíðardaginn.



Íþróttadagur: Í júní höldum við íþróttahátíð í garðinum. Farið er í skipulagða hreyfileiki og ávextir og grænmeti eru í boði.

Útskriftarferð: Í maí ár hvert er farið í útskriftaferð með elsta árgang leikskólans. Farið er í dagsferð.



Tenngsl skólastiga

Leikskólinn Hulduheimar er í nánú samstarfi við [Vættaskóla-Borgir](#): Elstu börnin í leikskólanum eru flest væntanlegir nemendur í skólanum og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnst starfinu þar og aðstæðum. Einnig er skemmtilegt fyrir yngstu nemendur grunnskólans að fá það hlutverk að taka á móti væntanlegum samnemendum. Mikilvægt er að stuðla að samfellu í námi barna þannig að grunnskóli og frístundastarf verði eðlilegt framhald af leikskóla og að kennarar í leik- og grunnskóla kynnist starfsaðferðum beggja skólastiga. Samstarf Vættaskóla - Borgir og Hulduheima miðar að því að auðvelda börnunum flutninginn af einu skólastigi yfir á annað.

Samstarfið byggir á eftirfarandi þáttum:

- Heimsókn leikskólabarna í kennslustund hjá 1. bekk, stafainnlögn. Einnig taka börnin þátt í frímínútum og nestisstund.
- Leikskólabörnum boðið í smíði, heimilisfræði, textílmennt og myndmennt í grunnskólanum.
- Heimsókn leikskólabarna í grunnskólann og frímínútur. Stjórnendur taka á móti þeim og sýna skólann.
- Börnin í 1. bekk heimsækja leikskólann, ýmsir leikir sem tengjast mál og læsi.
- Dagur íslenskrar tungu: Börn úr eldri bekkjum grunnskólans koma í heimsókn og lesa fyrir leikskólabörnin upp úr bókum sem þau hafa valið sem hæfa börnum á leikskólaaldri.
- Nemendur 1. bekkjar og leikskólabörn hittast í grunnskólanum og eiga jólalega stund saman. Syngja jólalög, drekka heitt súkkulaði og borða piparkökur.
- Börnin í 5. bekk lesa upp jólakveðjur í leikskólanum frá grunnskólabörnum í Vættaskóla-Borgir.
- Leikskólabörnum boðið á generalprufu fyrir árshátíð 1. - 4. bekkjar.
- Börnum í 1. bekk boðið á generalprufu fyrir útskrift/kveðjustund leikskólabarna.
- Leikskólabörnin fara í þrjár heimsóknir í frístundaheimilið við grunnskólann. Þeim er kynnt starfsemi og reglur og auk þess fá þau að taka þátt í starfi frístundaheimilisins.

- Fundir kennara leik- og grunnskólans eru þrír á ári þar sem farið er yfir samstarf skólastiganna, niðurstöður úr Hljóm-2 og umsögn og nauðsynlegum upplýsingar um hvert barn.

Samkvæmt reglugerð Mennta- og menningarmálaráðuneytis, 20. október 2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla 3 gr stendur:

„Að til nauðsynlegra upplýsinga teljast m.a. persónuupplýsingar um heilsufar, sérþarfir, líkamlega og andlega getu til náms, leiks eða annars skólastarfs. Hér er átt við upplýsingar sem afla þarf til að tryggja velferð, menntun og þroska nemenda samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla“.

Mat á námi og velferð barna

Mikilvægt er að fylgjast með og meta alhliða þroska barna, nám og vellíðan. Við styðjumst við gátlista um Sjálfsmynd og félagsfærni, Íslenska þroskalistann og Hljóm-2, auk þess sem starfsmenn skrá niður stöðu og framfarir barnanna reglulega. Verið er að þróa fjölbreyttar uppeldisfræðilegar skráningar og hefur verið miðað við tvær einstaklingsskráningar á ári auk hópskráninga. Þegar börn færast á milli deilda fylgja skriflegar upplýsingar með þeim og deildarstjórar skiptast á upplýsingum.

Íslenski þroskalistinn og Hljóm - 2 eru matstæki sem við notum. Íslenski þroskalistinn er notaður til að kanna getu 3ja til 6 ára barna á mál- og hreyfisviði og leggjum við hann fyrir mæður næstelstu barnanna. Hljóm-2 er aldursbundin skimun/próftæki sem metur færni tengda hljóðkerfis- og málvitund. Hljóm-2 byggir á sjö mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir elstu börnin. Niðurstöðurnar gefa marktækar vísbendingar um hvaða börn eru í áhættuhóp fyrir lestrarörðugleika og eru þær nýttar til að skipuleggja áframhaldandi málörvun. Að vori er skimunin aftur lögð fyrir þau börn sem voru slök, til að athuga framfarir. Þetta fer fram í samstarfi við foreldra/forsjársaðila. Eingöngu leikskólakennarar sem hafa sótt námskeið mega leggja Hljóm-2 fyrir börnin og vinna úr íslenska þroskalistanum. Farið er yfir niðurstöður í foreldraviðtölum.

Starfsáætlun

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá leikskóla. Hver og einn leikskóli vinnur sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Auk þess gera leikskólar starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum

innra og ytra mats.

- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráð til samþykktar.

Deildarnámskrá

Deildarnámskrá er leiðarljós um starfið á deildinni og er endurskoðuð ár hvert, þannig að hún taki sem best mið af aldri og þroska barnanna hverju sinni. Deildarnámskrá er endurskoðuð árlega og tekur mið af Aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Deildarnámskrá segir frá hvaða leiðir deildin fer að markmiðum skólans. Deildarnámskrá nýtist einnig sem foreldrahandbók. Deildarnámskrár eru í vinnslu.

Foreldrasamstarf

Gagnkvæm virðing í daglegum samskiptum og góð samskipti milli heimilis og skóla er hornsteinn góðrar foreldrasamvinnu. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna og er leikskólanám viðbót og stuðningur við uppeldi þeirra. Samvinna, traust og jákvætt samstarf foreldra og leikskóla er grundvöllur að farsælu leikskólanámi barna og á þessum gildum byggir foreldrasamstarfið í Hulduheimum. Mikilvægt er að þessir aðilar myndi öflugt teymi, sem sameinist um velferð og námsframvindu barnanna. Foreldraviðtöl eru tvö á ári, á haust- og vorönn. Í foreldraviðtölum er farið yfir stöðu barnsins, líðan þess og niðurstöður úr athugunum. Einstaklingsáætlun er unnin fyrir hvert barn miðað við aldur og þroska í samvinnu við foreldra/forráðamenn og endurspeglar hún þarfir og áhugasvið barnsins. Áætlanir eru metnar reglulega í foreldraviðtölum. Foreldrar geta hvenær sem er beðið um viðtöl, hvort heldur er við kennara eða leikskólastjóra. Sama ferli er ef ræða þarf eitthvað sérstaklega, alltaf er farið yfir málin og lagðar til lausnir og aðgerðir og hist aftur eftir þrjár til fjórar vikur. Þá er málinu lokað eða boðað annað viðtal eftir ákveðinn tíma.

Árlega er foreldrafundur að hausti þar sem m.a. er farið yfir verkefni og markmið í starfsáætlun, dagskipulag, áætlanir deilda og hugmyndafræði Reggio Emilia.

Foreldrar eru alltaf velkomnir í heimsókn, en er sérstaklega boðið að taka þátt í starfi barnsins í foreldraviku sem er einu sinni á ári og í foreldrakaffi þrisvar á ári.

Deildarstjórar senda foreldrum rafræn fréttabréf og einnig er heimasíða leikskólans uppfærð

reglulega með fréttum úr starfinu ásamt matseðli og viðburðadagatali.

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við deildarstjóra ef það er eitthvað sem þeir vilja koma á framfæri.

Í Hulduheimum er starfandi foreldraráð og í því sitja a.m.k. þrír fulltrúar foreldra. Einnig er starfandi foreldrafélag sem er mikilvægur þáttur í samstarfi foreldra og leikskóla og í því starfa a.m.k. fjórir til sex foreldrar og áheyrnafulltrúi frá leikskólanum sem situr alla fundi. Kosið er í félagið og foreldraráðið að hausti ár hvert ef fjöldinn er meiri en gert er ráð fyrir. Auk þess er fulltrúi foreldra starfandi í umhverfisnefnd leikskólans.

Foreldrar eru beðnir að sýna öðrum foreldrum og börnum þann trúnað að ræða ekki málefni þeirra fyrir utan leikskólann. Gagnkvæmur trúnaður er mikilvægur öllum börnum og foreldrum og eykur traust innan leikskólans. Myndir, sem foreldrar taka á viðburðum skólans á **ekki að birta á samfélagsmiðlum**, heldur skulu þær vera til einkanota.

Foreldrafélag Hulduheima

Félagið var stofnað í febrúar 1998.

Markmið félagsins er að:

- Góð tengsl náist við foreldra og starfsfólk leikskólans.
- Hafa áhrif á umhverfi og aðbúnað Hulduheima.
- Félagið sé öflugur þrýstihópur leikskólans út á við.
- Vera til stuðnings og gæta hagsmuna barna og forráðamanna þeirra.
- Vera forsprakkar að ýmsum skemmtilegum upptækum í samvinnu við starfsfólkið.

Í apríl 2014 var auglýstur foreldrafundur og foreldrum boðið að koma að vinnu við skólanámskrárgerð. Fundurinn átti að vera í Hlöðunni í Gufunesbæ með öðrum HEBA leikskólum fyrir utan Engjaborg, leikskólakennurum og fagaðilum frá Skóla- og frístundasviði. Fundurinn var felldur niður vegna ónógrar þátttöku.

Mat á leikskólastarfi

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan.

Markmiðið er að leggja þar með faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi, auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara. Mat á að leiða í ljós hvort markmiðum hefur verið náð og hvort breytinga sé þörf.

Innra mat

Á deildarfundum yfir veturinn fer fram mat á starfssemi hvernar deildar m.a. markmiðum í starfsáætlun, námsáætlun deilda, námssviðunum o.fl.

Deildarstjórar taka saman heildarmat í lok vorannar með starfsmönnum og skila niðurstöðum til leikskólastjóra. Einnig fer fram mat á öllu HEBA samstarfi, markmiðum og leiðum að vori með leikskólastjórum, öðrum stjórnendum og verkefnastjórum.

Niðurstöður allra matsgagna eru kynntar fyrir starfsmönnum og nýttar við gerð nýrrar starfsáætlunar.

Ytra mat

Reykjavíkurborg gerir rafrænar kannanir meðal foreldra og starfsmanna annað hvert ár. Annað árið er kannað viðhorf foreldra til leikskólastarfs. Hitt árið er könnun meðal starfsmanna um starfsánægju og starfsumhverfi. Niðurstöður þessara kannana eru nýttar til umbóta og þróunar og grein gerð fyrir helstu niðurstöðum ár hvert í starfsáætlun leikskólans.

Stoðþjónusta

Miðgarður er þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, en þjónustumiðstöðvar í Reykjavík eru sex talsins. Þar er alhliða upplýsingamiðlun um þjónustu borgarinnar og þar er hægt að sækja um ýmiss konar þjónustu, fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur og heimaþjónustu. Í Miðgarði er veitt félagsleg ráðgjöf, sálfræði- sérkennslu- og kennsluráðgjöf vegna leik- og grunnskólabarna, frístundaráðgjöf og fleira. Í tengslum við þróunarverkefni í tveimur hverfum borgarinnar (2013-2016) hefur leikskólinn aðgang að starfandi talmeinafræðingi á vegum Miðgarðs í tveimur 6 vikna lotum á ári en hann sinnir frumgreiningu á málþroska og kemur að þjálfun þeirra barna sem falla undir viðmið sjúkratrygginga varðandi talþjálfun. Einnig er starfandi hjá Miðgarði hegðunarráðgjafi í samskonar þróunarverkefni sem kemur inn í mál einstakra barna/deilda.

Sérkennsla barna

Sérkennsla í leikskólum byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og reglugerðum þar að lútandi, Aðalnámsskrá leikskóla sem og samþykktum leikskólaráðs. Ef grunur vaknar um frávík hjá barni gerir deildarstjóri í samráði við sérkennslustjóra nokkurskonar frumathugun/skimun sem síðar er vísað á Miðgarð, þroska- og hegðunarstöð heilsugæslustöðvanna eða Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins ef þörf þykir. Slík vinna er alltaf unnin í samráði við foreldra og stundum að beiðni þeirra. Auk þess koma greiningar eða ábendingar vegna gruns um einhverskonar frávík frá barnalæknum eða Heilsugæslustöðvum við hefðbundnar skoðanir.

Ef barn hefur fengið greiningu frá viðurkenndum greiningaraðila er gerð einstaklingsnámskrá í samstarfi við foreldra og stundum með ráðgjöf frá sérkennsluráðgjafa Miðgarðs. Einstaklingsnámskrá er sniðin að þörfum hvers barns með ákveðnum markmiðum og leiðum sem unnið er eftir í leikskólanum og heima. Í framhaldinu er stofnað teymi og fundað á sex til átta vikna fresti um framþróun hjá barninu. Í teyminu eru foreldrar barns, sérkennari/sérkennslustjóri, deildarstjóri og sérfræðingar frá Miðgarði. Þjálfun hvers barns tengist daglegu starfi og fer að mestu fram inni á deildum og/eða í smáum hópum. Ef ástæða þykir til fer barnið í einstaklingsþjálfun á meðan verið er að leggja áherslu á einstaka þætti. Sérkennslustjóri leikskólans ber ábyrgð á sérkennslu barna í leikskólanum.

Samstarfsaðilar

Leikskólinn Hulduheimar er í samstarfi við marga aðila sem koma að leikskólamálum og er þar helst að nefna Skóla- og frístundasvið, heilsugæslu Grafarvogs, Miðgarð - þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarnes og Barnavernd Reykjavíkur. Einnig Menntavísindasvið Háskóla Ísland og aðrar menntastofnanir sem stuðla að menntun fólks í leikskólaumhverfi.

Slökkvilið Reykjavíkur er með ötult samstarf við leikskóla borgarinnar um eldvarnir. Umferðaskólinn kemur með fræðslu til elsta árgangs leikskólans. Einnig er elsta árgangi leikskólans boðið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á hverju vori. Leikhúsin hafa einnig boðið leikskólabörnum í heimsókn. Bókasafnið í Grafarvogi er vinsæll áningastaður og alltaf gaman að fá bækur lánaðar. Bókasafnið býður einnig leikskólum hverfisins að panta skipulagaðar sögustundir. Frístundamiðstöðin Gufunesbæ býður leikskólabörnum uppá ýmis verkefni sem leikskólabörnum gefst kostur á að taka þátt í. Listasöfn borgarinn standa leikskólabörnum ávallt opin. Samstarf er oft tímabundið við aðrar stofnanir í tengslum við átak eða ákveðin verkefni. Árlegar upptökur Reykjavíkurborgar eru samstarfsverkefni sem leikskólinn tekur þátt í á sínum forsendum má þar nefna Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, Lestrarhátíð og Stóra leikskóladaginn.

Stuðningsrit

Helstu stuðningsrit við gerð skólanámskrár Hulduheima eru m.a.:

Aðalnámskrá leikskóla 2011, lög um leikskóla og reglugerðir, starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, þemahefti um grunnþætti og námsmat úr Aðalnámskrá og viðmið og vísbendingar SFS – Skóla- og frístundasviðs.